Sunnudaginn 2. júní 1940 var
aðalfundur Hestamannafélagsins
Glaður haldinn að Nesodda.

Mættir voru 20 félagsmenn.

Fundarmál:

1. Formaður setti fundinn og las
upp fundargjörð síðasta aðalfundar
og reikning félagsins fyrir árið
1939. Var hann samþykktur
í einu hljóði.

2. 5 menn sóttu um inntöku
í félagið, og var samþykkt í einu
hljóði að taka þá í félagið.

3. Rætt um kynbótahest fyrir félagið.
Eftir nokkrar umræður var sam-
þykkt að taka tilboði frá Þorbirni
Ólafssyni Harrastöðum um að leigja
félaginu hest í vor (til júníloka)
fyrir 75 krónu gjald.

4. Kosinn stjórn félagsins:

Jón Sumarliðason formaður með 15 atkv.
Gísli Þorsteinsson gjaldkeri — 10 —"—
Flosi Jónsson ritari — 10 —"—
Varastjórn:
Ólafur Br. Gunnlaugsson form. með 11 atkv.
Pétur Sveinsson gjaldkeri — 8 —"—
Friðfinnur Sigurðsson ritari — 8 —"—
5. Kosnir endurskoðendur:
Ólafur Br. Gunnlaugsson
Pálmi Jónasson.
og til vara:
Jón Jóhannesson
Grímur Jónsson.
6. Séra Ólafur Ólafsson sótti um inntöku í félagið, og var hann samþykktur félagsmaður í einu hljóði.
7. Samþykkt að halda kappreiðar 7. júlí næst komandi.
8. Kosnir til að sjá um merkjasölu á kappreiðunum þeir sömu og í fyrra.

9. Kosnir til að sjá um merkjasölu
á dansinum Flosi Jónsson
og Haraldur Kristjánsson.
10. Kosnir til að sjá um dansinn
þeir sömu og í fyrra.
11. Stjórninni var falið að sjá um
framkvæmd á veitingum á kapp-
reiðunum.
12. Kosnir í dómnefnd:
Ásgeir Ásgeirsson prófastur
Guðmundur Theodórsson
Jóhannes Benediktsson.
til vara:
Guðm. Jónsson Ljárskógum
Sigvaldi Indriðason.
13. Ritari kosinn Grímur Jónsson.
14. Kosnir til að sjá um viðgerð
á skeiðvellinum þeir
Friðfinnur Sigurðsson
Magnús Vigfússon.

15. Verðlaun á kappreiðunum
skulu vera eins og þau voru
síðastliðið ár

16. Samþykkt að fara skemmtiför
vestur í Saurbæ og kring um
Strandir laugardaginn 22. júní
næst komandi ef nægileg þátttaka
fæst (12-15 manns) og tilkynnist
þátttaka með viku fyrirvara
formanni félagsins.

Upplesið. Samþykkt.

Fundi slitið.

Flosi Jónsson
fundarritari